

svo bráð-nauðsynlegt að sjá um, að hægt væri að láta í hendur henni það, sem væri við hæfi hennar og hún gæti lesið og vildi lesa og hefði unun af að lesa. Við höfum ætlast til þess, að unga fólkis læsi það, sem ritað er fyrir fullorðna fólkis, ef við höfum ætlast til þess að það læsi nokkuð. Við höfum heimtað af því, að það væri eins og hinir fullorðnu. Okkur hefur fundist það stafa af gjálífi hjá unglungunum, ef þeir hafa ekki viljat að hlusta á okkur, þegar við höfum verið að tala til fullorðins fólks. Eða þegar þeir hafa ekki viljað lesa það, sem skrifað var fyrir fullorðna fólkis. Okkur hefur gramist það. Svona nærgætnir höfum við verið.

Misvitrir höfum við Íslendingar marg-oft verið. En greinilegast hefur það, að því er virðist, komið í ljós í því, hve lítið hefur verið hugsað fyrir börnunum hjá okkur og unglungunum—hve litla rákt við höfum lagt við það að *undirbúa* góða uppskeru á þjóðarakrinum íslenska.

Engu að síður höfum við átt von á góðri uppskeru. Vitanlega! Og eignum sjálfsagt enn þá von á henni. En sú tröllatrú!

Lifum við á henni, trölla-trúnni, að því er snertir framtíð íslenzks þjóðernis hér í landi, þá verðum við umskiftingar — hreinir og beinir umskiftingar þjóðernislega, hvað mærðarlega sem við mösum um mentun og annað þesskonar, sem mikil fer fyrir í munni.

Okkur er nær að masa minna, en vakna betur og vinna meir fyrir börnin okkar og unglingana. Ekki álita okkur of mikla og gáfaða til þess að tala við börnin. Né heldur álita, að á glæ sé kastað gáfum og lerdóni, ef brúkuð eru til þess að rita fyrir börn og unglingu. Við megum sannarlega ekki setja það fyrir okkur, þó að minna verði þá tekið eftir okkur. Heldur ekki setja það fyrir okkur, að íslenzkan muni ekki ná Fjallkonu-svip sínum, eða að ekki komist að fordildin með stóru orðin og skrúfaða málið, ef rita eigi á máli barna og unglings.

Ef við elskum þjóð okkar og berum virðingu fyrir sjálfsuni okkur, þá verðum við að hugsa betur fyrir börnunum og unglungunum. Við verðum að gera alt, sem unt er, til þess